



# Fjárfestakynning

Fyrstu 3 mánuðir 2015

30. apríl 2015

VÍS

# Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs 2015



## Félagið

- Iðgjöld vaxa og rekstrarkostnaður lækkar.
- Fjármálastarfsemi gekk vel.
- Óveður hefur áhrif á rekstur.

## Vátryggingarekstur


- Eigin iðgjöld hækka um 100 m.kr. frá fyrsta ársfjórðungi 2014, eða um 2,7%.
- Aukin tjónatíðni og rysjótt veðurfar höfðu áhrif á rekstur félagsins á fjórðungnum.
- Tjón í óveðrinu 14. mars námu rúmum 240 m.kr. hjá félaginu, sem nemur rúmum 6% af samsettu hlutfalli tímabilsins.
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 165 m.kr. samanborið við neikvæða framlegð um 66 m.kr. sama tímabil í fyrra.
- Samsett hlutfall var 105,2% samanborið við 102,9% á fyrsta fjórðungi 2014.

## Fjárfestingastarfsemi

- Fjárfestingatekjur námu alls 1.113 m.kr á ársfjórðungnum samanborið við 171 m.kr. á sama tíma í fyrra.
- Hæstu fjárfestingatekjur ársfjórðungs frá því á árinu 2012.
- Ávöxtun eignasafnsins nam 3,2%.

## Efnahagur


- Arðsemi eigin fjár var 18,3% á ársgrunni.
- Á aðalfundi í mars var ákveðið að greiða um 2,5 ma.kr. í arð til hluthafa og lækka hlutafé félagsins um 64 m.kr. að nafnverði.



# Óveðrið 14. mars sl.




- Óveðrið í mars sl. hið versta í mörg ár.
- Heildarfjöldi tjóna var í lok mars kominn í 517 og tjónakostnaður rúmlega 240 mkr.
- Ekki hefur orðið jafnmikið tjón í einu óveðri síðan í febrúar 1991.
- Í desember 2007 voru þrjú slæm óveður, 11., 13. og 30. desember og var heildarfjöldi tjóna í þessum veðrum 522 og uppreiknuð tjónsfjárhæð 236 mkr.
- Til samanburðar námu tjón vegna óveðursins í lok nóvember í vetur 35 mkr.
- Í byrjun nóvember 2012 var líka mikið veður og nam tjón vegna þess 90 mkr.
- Tjón vegna brunans í Skeifunni s.l. sumar voru rúmar 300 mkr.




# Þróun rekstrar



	m.kr.	3M 2015	3M 2014	2014	2013
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	3.959	3.861	16.023	16.090
	Eigin iðgjöld	3.800	3.700	15.420	15.447
	Fjármunatekjur	1.113	171	2.439	2.631
	<b>Heildartekjur</b>	<b>4.953</b>	<b>3.918</b>	<b>18.023</b>	<b>18.233</b>
	Tjón tímabilsins	-3.103	-2.974	-12.297	-12.667
	Eigin tjón	-3.154	-2.938	-12.119	-11.663
	Rekstrarkostnaður	-976	-1.001	-3.922	-3.936
	<b>Heildargjöld</b>	<b>-4.134</b>	<b>-3.946</b>	<b>-16.069</b>	<b>-15.677</b>
	<b>Hagnaður</b>	<b>733</b>	<b>-14</b>	<b>1.710</b>	<b>2.154</b>
	Hlutföll	Tjónahlutfall	78,4%	77,0%	76,7%
Eigið tjónahlutfall		83,0%	79,4%	78,6%	75,5%
Kostnaðarhlutfall		21,5%	22,7%	21,4%	21,4%
Endurtr.kostnaðarhlutfall		5,3%	3,2%	2,6%	-2,2%
<b>Samsett hlutfall</b>		<b>105,2%</b>	<b>102,9%</b>	<b>100,7%</b>	<b>97,8%</b>
Eiginfjárlutfall		27,6%	29,5%	34,3%	35,9%
Arðsemi eiginfjár		18,3%	-0,4%	10,5%	13,9%
<b>Gjaldþolshlutfall</b>		<b>3,28</b>	<b>3,72</b>	<b>3,11</b>	<b>3,72</b>



# Afkomubrú




- 733 m.kr. hagnaður samanborið við 14 m.kr. tap á sama tímabili í fyrra.
- Eigin iðgjöld vaxa um 2,7% frá sama tíma á fyrra ári.
- Ávöxtun fjáreigna mjög góð, sérstaklega verðtryggðra skuldabréfa og hlutabréfa.
- Tjónakostnaður hækkar m.a. vegna óveðurs.
- Rekstrarkostnaður lækkar um 2,5%. Frá sama tíma fyrir ári hefur launavísitala hækkað um 6,3%, en launakostnaður er um 50% af rekstrarkostnaði.

# Efnahagsreikningur



m.kr. 31.3.2015 31.12.2014

	31.3.2015	31.12.2014	
<b>Efnahagur</b>	<b>Eignir</b>		
	Fjárfestingar	32.908	33.258
	Laust fé	2.471	1.400
	Viðskiptakröfur	8.249	5.284
	Endurtryggingaeignir	1.613	1.392
	Aðrar kröfur	1.716	1.540
	Hugbúnaður	1.346	1.185
	Óefnislegar eignir	855	868
	Aðrar eignir	1.579	1.539
	<b>Eignir samtals</b>	<b>50.738</b>	<b>46.466</b>
	<b>Skuldir</b>		
	Eigið fé	13.987	15.956
Vátryggingaskuld	31.045	27.577	
Viðskiptaskuldir	1.848	697	
Aðrar skuldir	3.858	2.236	
<b>Skuldir samtals</b>	<b>50.738</b>	<b>46.466</b>	
<b>Hlutföll</b>	Eiginfjárlutfall	27,6%	34,3%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,28	3,11



# Fjárfestingastarfsemi



## Afkoma af fjárfestingastarfsemi

- Fjárfestingatekjur námu 1.113 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 171 m.kr. árið 2014
- Ávöxtun eignasafnsins nam 3,2% á ársfjórðungnum.
- Ávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa var góð á fjórðungnum eða 4,9%.
- Ávöxtun skráðra innlendra hlutabréfa nam 8,1% og erlendra hlutabréfa 13,9% á fjórðungnum sem er talsvert yfir viðmiði.
- Félagið hækkaði gengi hlutabréfa í Eik fasteignafélagi úr 6,2 í 6,4 í lok 1. ársfjórðungs.


## Eignasafn

- Í upphafi árs námu fjárfestingaeignir 34.658 m.kr.
- Félagið seldi í upphafi árs stóran hluta af óverðtryggðum ríkisskuldabréfum þess.
- Í lok tímabilsins námu fjárfestingaeignir 35.379 m.kr.
- Arður að fjárhæð 2.488 m.kr. var greiddur þann 9. apríl s.l.


## Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar

- Váttryggingaskuld nam 31.045 m.kr. í lok mars.
- Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar voru á sama tíma 42.039 m.kr. eða 10.994 m.kr. umfram váttryggingaskuldina.

## Fjárfestingaeignir (35.379)



## Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar




# Fjárfestingaeygnir



Fjárfestingaeygnir 31.3.2015

Hreyfingar tímabilsins

Ávöxtun tímabilsins







# 10 stærstu fjárfestingaeygnir




10 stærstu eignir 31.12.14





Breyting



10 stærstu eignir 31.3.15



# Fjárhagslegur styrkur



## Styrkur tjónaskuldar

- Vátryggingaskuld VÍS nam 31.045 m.kr. 31. mars:
  - Tjónaskuld 22.028 m.kr.
  - Iðgjaldaskuld 9.017 m.kr.
- Hlutfall eigin tjónaskuldar af 12 mánaða iðgjöldum hefur farið hækkandi frá 2010 eða úr 117% í 134,1% í lok fyrsta ársfjórðungs 2015.

## Gjaldþol samstæðu

- Reiknað gjaldþol var 11.774 m.kr. í lok tímabilsins og hefur hækkað um 383 m.kr. frá áramótum.
- Ekki er tekið tillit til arðgreiðslu fyrir árið 2015.
- Í lok tímabilsins nam gjaldþol 3,28x lágmarksgjaldþol samkvæmt Solvency I.
- Eiginfjárlutfall samstæðu nam 27,6% í lok tímabilsins og lækkar frá 34,3% í árslok 2014 m.a. vegna arðgreiðslu að fjárhæð 2.488 m.kr. og stöðu viðskiptakrafna.
- Gjaldþolshlutfall skv. Solvency II var 1,65 um síðustu áramót.

# Lykiltölur síðustu ársfjórðunga



m.kr.	1F 2014	2F 2014	3F 2014	4F 2014	1F 2015
-------	---------	---------	---------	---------	---------


## Rekstur

Iðgjöld tímabilsins	3.861	3.921	4.072	4.170	3.959
Eigin iðgjöld	3.700	3.773	3.917	4.030	3.800
Fjármunatekjur	171	492	763	1.013	1.113
<b>Heildartekjur</b>	<b>3.918</b>	<b>4.302</b>	<b>4.715</b>	<b>5.088</b>	<b>4.953</b>
Tjón tímabilsins	-2.974	-2.811	-3.269	-3.243	-3.103
Eigin tjón	-2.938	-2.784	-3.204	-3.193	-3.154
Rekstrarkostnaður	-1.001	-994	-945	-980	-976
<b>Heildargjöld</b>	<b>-3.946</b>	<b>-3.783</b>	<b>-4.163</b>	<b>-4.177</b>	<b>-4.134</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>-14</b>	<b>465</b>	<b>455</b>	<b>804</b>	<b>733</b>


## Hlutföll

Tjónahlutfall	77,0%	71,7%	80,3%	77,8%	78,4%
Eigið tjónahlutfall	79,4%	73,8%	81,8%	79,2%	83,0%
Kostnaðarhlutfall	22,7%	22,1%	20,2%	20,5%	21,5%
Endurtr.k.hlutf.	3,2%	3,1%	2,2%	2,0%	5,3%
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>102,9%</b>	<b>96,9%</b>	<b>102,7%</b>	<b>100,4%</b>	<b>105,2%</b>
Eiginfjárlutfall	29,5%	31,9%	32,6%	34,3%	27,6%
Arðsemi eiginfjár	-0,4%	12,4%	11,9%	20,5%	18,3%

### Samsett hlutfall



### Hagnaður



# SPRON – niðurfelling máls á hendur VÍS

---



- Slitastjórn SPRON höfðaði mál á hendur VÍS með stefnu dags. þann 18. júlí 2012.
  - Krafist var riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á 2 ma. kr. peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008.
  - Klakki ehf. fyrrum eigandi VÍS ákvað að halda VÍS skaðlausu af tjóni vegna dómsmálsins, og skuldbatt sig til að auka eigið fé VÍS um allt að 3,5 ma. kr. í því skyni og lagði fram bankaábyrgð.
- Þróun málsins hefur jafnt og þétt verið rakin í árshlutareikningum VÍS.
- Í febrúar 2015 komust SPRON og VÍS að samkomulagi um niðurfellingu málsins.
  - Aðilar fallast á að þeir eiga engar frekari kröfur á hendur hvor öðrum hverju nafni sem þær kunna að nefnast. Enginn kostnaður fellur á VÍS vegna samkomulagsins fyrir utan eigin málskostnað.
  - Stjórn VÍS hefur samþykkt að leysa Klakka ehf. undan áskriftarloforði sínu og bankaábyrgð í tengslum við skaðleysi VÍS af málinu enda ljóst að engin þörf er fyrir skaðleysið lengur.

# Áherslur stjórnenda í rekstri



## Stefna VÍS

### Hlutverk VÍS

er að vera traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi þeirra með öflugum forvörnum

### Gildi VÍS

Umhyggja - Fagmennska - Árangur

### Starfsáætlun

Unnið er eftir ítarlegri starfsáætlun til næstu tveggja ára

### Framtíðarsýn

Fyrirmyndar VÍS – árslok 2017

## Áherslur stjórnenda

### Váttryggingastarfsemi

Sækja og rækta mikilvæg viðskiptasambönd

Áhættumat og verðlagning váttryggingaáhættu

Áhersla á öflugt forvarnarstarf

Auka ánægju viðskiptavina með einföldun og skilvirkni að leiðarljósi

Jákvæð afkoma af váttryggingastarfsemi með samsett hlutfall í samræmi við markmið

### Fjárfestingastarfsemi


Traust langtímaávöxtun á fjárfestingasafni félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu

### Fjárhagslegur styrkur

Viðhalda sterkri tjónaskuld

Viðhalda fjárhagslegum styrkleika

# Stefnuhringur VÍS



**SPURNINGAR**





Um VÍS

VÍS



# Um VÍS




- VÍS er skráð á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. frá 24. apríl 2013.
- VÍS starfar skv. starfsleyfi frá FME og er eftirlitsskyldur aðili.
- Félagið starfar á skaðatryggingamarkaði og á líftryggingamarkaði í gegnum dótturfélagið Lífis.
- Starfsemi og stjórnarhættir VÍS markast af lögum um hlutafélög og váttryggingastarfsemi, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út.
- VÍS fékk í febrúar 2014 vottun sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti.
- VÍS er í 17. sæti á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki, og er á listanum fimmta árið í röð.

## Skipulag

- Nýtt skipurit skerpir áherslu félagsins á markaðinn og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.
- Skýr verkaskipting og ábyrgð einstakra sviða er snúa að váttryggingastarfsemi.
- Forstöðumaður fjárfestinga mótar og framfylgir fjárfestingastefnu með fjárfestingaráði og stjórn félagsins

## Skipurit VÍS



Þjónusta




# Nokkrir lykilþættir úr starfseminni



- VÍS var stofnað árið 1989 með sameiningu Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Íslands sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1917.
- Hefur skilað rekstrarhagnaði 24 síðastliðin ár.
- Arðgreiðslufélag með heimild til kaupa á eigin bréfum.
- Stærsta tryggingafélag landsins með um þriðjungs markaðshlutdeild.
- Starfsmenn VÍS eru tæplega 200.
- Öflugt þjónustunet - 32 þjónustuskrifstofur um land allt.
- Mikil áhættudreifing í viðskiptamannastofni og yfir 80 þúsund viðskiptavinir.
- Vel skilgreind mörk eigin áhættu í endurtryggingastefnu.
- Fjöldi tjóna eru tæplega 30 þúsund á ári.
- Fjárhagslega sterkt með gjaldþolshlutfallið 3,28.

## Fjöldi hluthafa í árslok 2014 var um 1.060



■ Einstaklingar ■ Aðrir fjárfestar ■ Lifeysissjóðir

## Rekstur

## Hlutföll

m.kr.	2010	2011	2012	2013	2014
Iðgjöld ársins	14.986	15.560	16.460	16.090	16.023
Eigin iðgjöld	14.206	15.050	15.871	15.447	15.420
Fjármunatekjur	1.594	2.009	3.936	2.631	2.439
<b>Heildartekjur</b>	<b>15.898</b>	<b>17.175</b>	<b>19.939</b>	<b>18.233</b>	<b>18.023</b>
Tjón ársins	-11.977	-12.772	-12.113	-12.667	-12.297
Eigin tjón	-11.735	-12.750	-12.067	-11.663	-12.119
Rekstrarkostnaður	-3.087	-3.608	-4.044	-3.936	-3.922
<b>Heildargjöld</b>	<b>-15.586</b>	<b>-16.556</b>	<b>-16.256</b>	<b>-15.677</b>	<b>-16.069</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>204</b>	<b>408</b>	<b>3.025</b>	<b>2.154</b>	<b>1.710</b>
Tjónahlutfall	80,5%	82,1%	73,6%	78,7%	76,7%
Eigið tjónahlutfall	82,6%	84,7%	76,0%	75,5%	78,6%
Kostnaðarhlutfall	19,6%	20,8%	21,6%	21,4%	21,4%
Endurtr.kostnaðarhlutfall	2,7%	3,1%	3,3%	-2,2%	2,6%
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>102,8%</b>	<b>106,0%</b>	<b>98,5%</b>	<b>97,8%</b>	<b>100,7%</b>
Eiginfjárlutfall	31,8%	30,3%	33,3%	35,9%	34,4%
Arðsemi eiginfjár	1,8%	3,6%	23,2%	13,9%	10,5%
<b>Gjaldþolshlutfall</b>	<b>3,4</b>	<b>3,5</b>	<b>3,8</b>	<b>3,7</b>	<b>3,1</b>

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem VÍS telur áreiðanlegar á hverjum tíma, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign VÍS. Upplýsingar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu.

Kynning þessi er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga ekki á nokkurn hátt að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. VÍS ber ekki á nokkurn hátt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

VÍS áréttar að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.



ÞAR SEM **TRYGGINGAR**  
SNÚAST UM FÓLK